

Málsnr.: R19030083

Skjalasafn Ráðhúss

08. mars 2019

Bréfalykill: 6060



Reykjavíkurborg  
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Solvhólsgotu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 6. mars 2019

Tilv.: SRN18080072/4.13.3

Með bréfi dags. 22. ágúst sl. óskaði Eypór Arnalds borgarfulltrúi, f.h. borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, eftir álit ráðuneytisins á því hvort undirbúningur fundar skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar, sem fram fór 15. s.m., hafi verið í samræmi við ákvæði laga og reglna og hvort boðun hans geti talist hafa verið fullnægjandi. Enn fremur óskaði hann eftir því að ráðuneytið beindi þeim tilmælum til Reykjavíkurborgar að gætt yrði að því að ákvæðum laga og reglna væri fylgt í hvívetna við undirbúning funda nefnda og ráða á vegum borgarinnar. Óskað var eftir umsögn Reykjavíkurborgar um erindið sem barst með bréfi umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar, dags. 4. september sl.

Skipulags- og samgönguráð er ein af fastanefndum Reykjavíkurborgar en slíkar nefndir eru stjórnsýslunefndir í skilningi stjórnsýslulaga sem aðeins eru starfhæfar á lögmætum fundum. Fundur stjórnsýslunefndar telst almennt lögmætur sé boðað til hans með réttum hætti í samræmi við lög og samþykktir. Grundvallarregla í því sambandi er að fundur sé boðaður með nægum fyrirvara og að fundarboði fylgi dagskrá fundarins og nauðsynleg gögn. Tilgangur þessa er bæði að tryggja kjörnum fulltrúum vitneskju um hinn fyrirhugaða fund með hæfilegum fyrirvara og einnig að gefa þeim færi á að kynna sér þau mál sem taka á fyrir á fundinum og þau gögn sem þeim eru nauðsynleg til að taka afstöðu til málanna. Verði misbrestur á boðun fundar kann það að leiða til ólögmætis fundarins og þar með ógildis allra ákvarðana sem þar eru teknar.

Samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar 19. júní sl. fór um boðun funda skipulags- og samgönguráðs á þessum tíma eftir samþykkt fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar frá 21. júní 2016. Í 7. gr. hennar kemur fram að ráðið haldi fjóra fundi í mánuði, fundir skuli boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og dagskrá skuli fylgja fundarboði. Þá teljist rafræn boðun fundar og útsending fundargagna fullgild boðun. Á fyrsta fundi ráðsins, 27. júní sl., var lagt fram fundadagatal ráðsins fyrir árið 2018 þar sem tilgreindir eru fastir fundir þess, þ.m.t. umræddur fundur 15. ágúst sl.

Fyrir liggur að fundarboð þessa tiltekna fundar skipulags- og samgönguráðs barst einum aðalfulltrúa og einum áheyrnarfulltrúa of seint. Þá liggur einnig fyrir að fundargögn urðu ekki aðgengileg fulltrúum í ráðinu með rafrænum hætti fyrr en innan við sólarhringur var til fundar, en á dagskránni voru 75 mál. Í fundargerð kemur fram að þrátt fyrir þessa ágalla hafi allir aðalmenn, auk tveggja áheyrnarfulltrúa, mætt til fundarins að morgni 15. ágúst. Fulltrúar


Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúi Miðflokksins hafi hins vegar vikið af fundinum í upphafi hans þegar ljóst varð að ekki yrði orðið við beiðni þeirra um að fundinum yrði frestað og hann boðaður að nýju með réttum hætti. Fundinum var síðan fram haldið, en í umsögn Reykjavíkurborgar kemur fram að þar sem galli á fundarboði geti haft áhrif á ályktunarhæfni fundar hafi sú ákvörðun verið tekin að fresta öllum þeim málum sem til stóð að fullnaðarafgreiða á fundinum.


Óumdeilt er því að tilteknir ágallar voru á boðun þessa fundar skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar 15. ágúst sl. Þessir ágallar höfðu hins vegar ekki áhrif á mætingu kjörinna fulltrúa og áheyrnarfulltrúa þó hluti þeirra hafi síðan kosið að víkja af fundi eftir að hann var hafinn. Þá liggur fyrir að engum málum var lokið með fullnaðarafgreiðslu á fundinum, en fundargerðin ber þó með sér að ráðið tók afstöðu til fjölmargra mála sem vísað var áfram til afgreiðslu borgarráðs eða fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Eins og að framan segir eru ágallar sem þessir til þess fallnir að valda óvissu um lögmæti viðkomandi fundar og þar með gildi þeirra ákvarðana sem þar eru teknar. Slíkir gallar geta því haft alvarlegar afleiðingar á síðari stigum, svo sem á kærustigi eða fyrir dómstólum, en mál á verksviði skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar heyra flest undir eftirlit kærunefndar umhverfis- og auðlindamála og falla því utan þess stjórnslueftirlits sem ráðuneytið fer með skv. XI. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sbr. 2. mgr. 109. gr. laganna.

Því beinir ráðuneytið því til Reykjavíkurborgar, með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga, að framvegis verði tryggt að undirbúningur og boðun funda stjórnslunefnda í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar uppfylli ávallt kröfur laga og reglna sem á þessu sviði gilda. Þá telur ráðuneytið, með vísan til 15. gr. sbr. 46. gr. sveitarstjórnarlaga, sem og þess mikla fjölda mála sem að jafnaði liggur fyrir á fundum ráðsins, að rétt væri að lengja þann lágmarksfyrirvara sem er á útsendingu fundarboðs, dagskrár og fundargagna fyrir fundi skipulags- og samgönguráðs og eftir atvikum annarra fastanefnda borgarinnar, úr einum sólarhring í tvo. Myndi sú breyting gefa kjörnum fulltrúum betra svigrúm til að kynna sér þau mál og gögn sem fyrir fundinum liggja og auka þannig á gæði málsmeðferðarinnar.

Er þess að lokum óskað að ráðuneytið verði upplýst um hver viðbrögð Reykjavíkurborgar verða við framangreindum tilmælum.

Fyrir hönd ráðherra  
  
Hermann Sæmundsson

  
Ólafur Kr. Hjörleifsson

Samrit: Eyþór Arnalds, borgarfulltrúi  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík